

# Flokkun og móttaka úrgangs frá rekstraraðilum

Móttökuskilyrði



Flokkum og skilum

Árangur í umhverfismálum



SORPA

sorpa.is

# EFNISYFIRLIT

Árangur í umhverfismálum	3
Skilvirk úrgangsstjórnun – allra hagur	4
Móttökuskilyrði á starfsstöðvum	6
Yfirlitskort yfir starfsstöðvar	8
Yfirlit yfir úrgangsflokka	10
Úrgangsskilgreiningar	12-46

## Nýtt í þessari útgáfu!

- Tilraunaverkefni í Ánanaustum þar sem tekið er við öllum gerðum af plasti, sjá bls. 18.
- Raftæki eru nú flokkuð í eftifarandi flokka:

Kælitæki  
Skjáir  
Ljósaperur  
Stór raftæki  
Lítil raftæki  
Tölvur, prentarar og símar

Sjá bls. 43-45.



SORPA bs  
Gylfaflót 5  
112 Reykjavík  
Sími: 520 2200  
Bréfsími: 520 2209  
[www.sorpa.is](http://www.sorpa.is)



Útgáfunúmer: 9.0

Útgefið: 14. apríl 2015

Útgefandi: SORPA bs

Ritskjórn: Bjarni Gnýr Hjarðar, Ragna I. Halldórsdóttir, Gyða S. Björnsdóttir og Erla Hlín Helgadóttir

Ráðgjöf: Michele Rebora, 7.is ehf

Ljósmyndir: Gyða S. Björnsdóttir, Binni, Arnaldur Halldórsson, Páll Stefánsson o.fl.

Grafisk útfærsla og umþrot: Gyða S. Björnsdóttir

# ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

Byggðasamlagið SORPA hóf starfsemi árið 1991 og er í eigu sveitafélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seljavallalaugar. SORPA annast lögboðið hlutverk um meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögum og rekur endurvinnslustöðvar, móttöku- og flokkunarstöð, urðunarstað og nytjamarkaðinn Góða hirðinn. Einnig hefur SORPA umsjón með grenndargánum fyrir hönd sveitarfélaganna.

## Tunnuparið – allt sem þú þarf

SORPA hefur ávallt lagt áherslu á hagkvæmni við meðhöndlun úrgangs og flokkun efna til endurvinnslu. Í nýrri eigendastefnu SORPU er skilgreind þjónustusýn sem felur í sér að SORPA tryggi heildarsamræmi í úrgangsmálum á höfuðborgarsvæðinu, samfélagini öllu til hagsbóta. Blátunnuverkefni sveitarfélaganna er gott dæmi um slíkt samræmi en öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins stendur til boða blátunna fyrir bylgjupappa, dagblöð og tímarit, fernur, skrifstofupappír og sléttan pappa, samtals fimm flokka pappírsúrgangs. Samræmd skilaboð og sambærilegar merkingar á blátunnu allra sveitarfélaga, grenndargáma og gáma á endurvinnslustöðvum hafa skilað sér í aukinni pappírsflokkun. Gráa tunnan fyrir blandaðan heimilisúrgang, eða orkutunnan, var einnig merkt með upplýsingum um rétta flokkun. Í hana má setja allan lífrænan úrgang sem til fellur á heimilum, svo sem matarleifar, blejur, gæludýraúrgang o.fl. og vinnur SORPA ökutækjaeldsneytið metan úr þeim úrgangi. Málmar mega einnig fara í orkutunnuna og eru þeir vélflokkadir frá öðrum úrgangi í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi.

*Orkutunnan og blátunnan eru því hentug, hagkvæm og umhverfisvæn flokkunarleið fyrir allan pappírsúrgang, málma og lífrænan heimilisúrgang.*

## Framtíðarsýn

Næstu skref eru að uppfylla kröfur landsáætlunar um að draga úr urðun á lífrænum úrgangi ásamt því að auka flokkun og söfnun endurvinnsluefna. Dregið verður úr urðun á lífrænum úrgangi með byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfnesi. Undirbuningur er hafinn og er áætlað að stöðin opni árið 2017. Gas- og jarðgerðarstöðin mun taka á móti öllum lífrænum heimilisúrgangi sem fer í orkutunnuna og eru helstu afurðirnar metan og molta. Hentugt fyrirkomulag á frekari söfnun annarra endurvinnsluefna við heimili og/eða í grenndargáma er í skoðun.

## NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Þessum bæklingi er ætlað að veita yfirsýn yfir alla farvegi úrgangs hjá SORPU og auðvelda þannig íbúum höfuðborgarsvæðisins og rekstraraðilum að koma nýtanlegum úrgangi í réttan farweg. Hér er að finna upplýsingar um hvernig skal flokka, hvert hægt er að skila mismunandi tegundum úrgangs og með hvaða hætti úrgangurinn nýtist í framhaldi – t.d. sem hráefni í nýjar vörur. Vörunúmer koma fram við hvern úrgangsflokk og þá starfsstöð þar sem tekið er á móti viðkomandi flokki. Vörunúmerin eru þau sömu og í gjaldskrá SORPU og er mismunandi gjald fyrir ólíka úrgangsflokka. Í flestum tilfellum er hagstæðara að skila flokkuðum úrgangi en óflokkuðum.


Hver úrgangsflokkur er merktur með lit á jöðrum blaðsíðunnar og er sá litur táknlitur viðkomandi úrgangstegundar. Á starfsstöðvum eru merkingar gáma í þessum sömu litum sem einfaldar viðskiptavinum að finna flokkuðum úrgangi réttan farvegi.

## Verið velkomin á starfsstöðvar SORPU!

Bæklingurinn er einkum ætlaður til rafrænnar notkunar og er aðgengilegur á sorpa.is, þar sem nota má orðaleit og aðrar flýtileiðir. Ef munur er á milli útgáfa gildir sú sem er á netinu.




# SKILVIRK ÚRGANGSSSTJÓRNUN - ALLRA HAGUR



**ÖRVAR** tákna flæði úrgangs og endurvinnsluefna frá heimilum og rekstraraðilum til SORPU, milli starfsstöðva SORPU og frá SORPU til annarra endurvinnsluaðila.

**LITIR ÖRVA** merkja mismunandi úrgangsflokk og eru þeir sömu og notaðir eru í flokkunarreglunum og á starfsstöðvum.



# ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

## Móttökuskilmálar

Úrgangur skal vera flokkaður við skil á endurvinnslustöð í samræmi við reglur sem fram koma í bæklingnum. Rúmmálsminnkun úrgangsins þýðir betri nýtingu gáma, minni akstur og minni umhverfisáhrif.

### ● Gjaldfrjáls úrgangur

Rekstraraðilar greiða ekki fyrir hluta endurvinnsluefna, t.d. bylgjupappa, málma og raf- og rafeindabúnað.

### Gjaldskyldur úrgangur

Gjald miðast við stærð farms og er **greitt eftir rúmmáli**. Grunneining er  $0,25 \text{ m}^3$  og miðast lágmarksgjald fyrir gjaldskyldan úrgang við þá einingu. Gjaldið hleypur á  $0,25 \text{ m}^3$  ( $0,25 \text{ m}^3$ ,  $0,5 \text{ m}^3$ ,  $0,75 \text{ m}^3$ ,  $1 \text{ m}^3$  o.s.frv.)

Á öllum endurvinnslustöðvum er hægt að kaupa rafraðent inneignarkort, athuga stöðu þess og fylla á það.

Stærri förmum er vísað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi eða á urðunarstað fyrirtækisins í Álfnesi.

## Móttaka úrgangs

1. Starfsmaður tekur á móti viðskiptavini í hliði við komu á endurvinnslustöð. Viðskiptavinur gerir grein fyrir úrgangstegundum sem komið er með á stöðina.
2. Greitt er fyrir gjaldskyldan úrgang eftir rúmmáli.
3. Úrgangur er losaður í viðeigandi gáma samkvæmt leiðbeiningum starfsmanns.

 **Upplýsingar um endurgreiðslu vegna skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúðir eru á bls. 20.**

## GÓÐI HIRÐIRINN

Markmið Góða hirðisins er að endurnýta og draga úr sóun. Munir nýtast aftur hjá nýjum eigendum og allur ágóði af sölu þeirra rennur til góðgerðarmála.

### Móttaka muna til endurnotkunar

Nothæfum og seljanlegum munum, s.s. húsgögnum, raftækjum og smáhlutum, er skilað í nytjagáma á endurvinnslustöðvum.

 **Fylgstu með Fb-síðu  
Góða hirðisins þar sem  
m.a. eru upplýsingar um  
uppboð og tilboð!**  
[www.facebook.com/  
Godihirdirinn](http://www.facebook.com/Godihirdirinn)

Til að hámarka notagildi muna er mikilvægt að pakka þeim vel svo þeir skemmist ekki í flutningum milli endurvinnslustöðva og Góða hirðisins.

Almennt er ekki tekið við hlutum beint í verslun Góða hirðisins nema að höfðu samráði við verslunarstjóra. Þá tekur Góði hirðirinn ekki við fatnaði og skóm en bent er á Rauða kross gáma á endurvinnslustöðvum og á völdum grenndarstöðvum.



## Móttökuskilmálar

Í móttöku- og flokkunarstöð SORPU er úrgangur með höndlaður og honum komið í endurnýtingu eða förgun. Úrgangur skal vera flokkaður en vönduð flokkun er hagkvæmari fyrir viðskiptavini, leiðir til betri nýtingar á hráefnum og stuðlar að bættu umhverfi.

### Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr/kg), samkvæmt gjaldskrá.

Viðskiptavinum sem eru í reglulegum viðskiptum við SORPU er bent á að hægt er að sækja um viðskiptakort, sjá sorpa.is.

## Móttaka úrgangs

1. Farið á innvigt við móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Vigtarhlið opnast sjálfvirkt fyrir viðskiptavini með viðskiptakort, en aðrir fá tímabundið viðskiptakort í lúgu vigtarhúss.
2. Viðskiptavinur fer að **hurð 3** þar sem starfsmaður SORPU tekur á móti viðskiptakortinu.
3. Viðskiptavini ber að veita upplýsingar um uppruna og eðli úrgangs og staðfestir starfsmaður í móttöku- og flokkunarstöð skráninguna.
4. Farið á aðra hvora vigtina á leið út. Hliðið opnast sjálfvirkt eftir lestar viðskiptakorts. Viðskiptavinir með tímabundið viðskiptakort fara á vigt næst vigtarhúsi og ganga frá afgreiðslu.

## URÐUNARSTAÐUR

## Móttökuskilmálar

Urðunarstaður SORPU í Álfnesi er stærsti og þróaðasti urðunarstaður landsins. Þangað er fluttur úrgangur til urðunar sem og ýmis annar úrgangur til endurnýtingar, t.d. steinefni. Úrgangur skal vera flokkaður við skil á urðunarstað.

### Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr/kg), samkvæmt gjaldskrá.


Sérstakt **álagsgjald** er lagt á ef úrgangur og/eða afhending er ekki í samræmi við móttökuskilyrði.

## Móttaka úrgangs

1. Við komu á urðunarstað SORPU er farið yfir vigt þar sem starfsmaður urðunarstaðar tekur á móti viðskiptavini.
2. Viðskiptavini ber að veita upplýsingar um eðli og uppruna úrgangs.
3. Starfsmaður SORPU fylgir viðskiptavini á losunarstað og staðfestir flokkun.
4. Á leiðinni út er aftur farið yfir vigt og gengið frá afgreiðslu.

Gjaldskrár starfsstöðva  
og upplýsingar um  
opnunartíma og skipulag  
stöðva er að finna  
á heimasiðunni,  
**sorpa.is**

# AUKNAR KRÖFUR, BETRI ÞJÓNUSTA



116  
Reykjavík



Urðunarstaðurinn  
Álfnesi



Bliðubakki

270  
Mosfellsbær



Móttöku- og  
okkunarstöð Gufunes

112  
Reykjavík

Hamravík

Spöngin

Langirimi

Sporhamrar

Gullinbrú

Hverafold

Dalhús

Gagnvegur

Bjóðhildarstígur

Dalskóli

Maríubaugur

Dalskóli

Straumur

110

Rofabær

Rofabær

Selásbraut

Ekkjurbakki

Arnarbakki

Orrahólar

Suðurhólar

Austurberg

Vesturberg

Suðurfell

Álfkonuhvarf

203

Kópavogur

110  
Reykjavík

Norðlingabraut

Norðlingabraut



Mars 2015

sorpa.is

Mælikvarði 1:60.000

0 0,5 1 2 Km



Endurvinnslustöðvar



Grenndargámar



Móttöku- og  
flokkunarstöðin  
Gufunesi og  
urðunarstaðurinn  
Álfnesi




Góði hirðirinn



Tekið við skilagjalds-  
skyldum umbúðum  
í áhaldahúsinu við  
Vallagrund á  
Kjalarnesi

Kjalarnes



Brautarholtsvegur

# REKSTRARAÐILAR – YFIRLIT ÚRGANGSFLOKKA

Bls. 12-13



FÖT OG KLÆÐI

SKÓR

NYTJAHLUTIR

KERTAAFGANGAR

Bls. 14-17



BLANDA AF PAPPÍR, UMBÚÐUM ÚR SLÉTTUM PAPPA OG BYLGJUPAPPA

DAGBLÖÐ OG TÍMARIT

SKrifstofupappír og hvítur afskurður

UMBÚÐIR ÚR SLÉTTUM PAPPA

Afskurður – sléttur pappi

UMBÚÐIR ÚR BYLGJUPAPPA

Afskurður – bylgjupappi

Bls. 18-19



PLASTUMBÚÐIR

HEYRÚLLUPLAST

FILMUPLAST – ÓLITAÐ /  
ÓAPRENTAÐ

FILMUPLAST – LITAÐ /  
ÁPRENTAÐ

Bls. 21



MÁLMAR

HJÓLBARÐAR

Bls. 20



SKILAGJALDSSKYLDAR  
DRYKKJARVÖRUUMBÚÐIR

Bls. 24-28

HROSSATAÐ

SVÍNAKÍTUR

HÆNSNASKÍTUR

FÓÐUR, MJÖL OG HVEITI

DEIG

ÖLGERÐARHRAT

LÝSISHRAT

FITA OG ÞVEGINN RISTAR-  
ÚRGANGUR

FISKIÚRGANGUR

Bls. 22-23



GARÐAÚRGANGUR

GRAS OG HEY

TRJÁGREINAR

JARÐVEGUR

Bls. 28-30



- GLER OG STEINEFNI**  
**GIFS**  
**MENGAÐUR UPPGRÖFTUR**  
**ASKA**  
**UPPSÓP FRÁ GÖTU-HREINSUN**

Bls. 31-32



- TIMBUR – EKKI LJÓSMÁLAÐ EÐA PLASTHÚÐAÐ**

- KAPALKEFLI**

Bls. 36-37

- ÓBAGGANLEGUR ÚRGANGUR**  
**GÚMMÍÚRGANGUR**  
**NET, TROLL OG KAÐLAR**  
**TRÓÐ ÚR NIÐURRIFI ÖKUTÆKJA**

Bls. 40-45



- SPILLIEFNI**  
**RAFHLÖÐUR**  
**RAFGEYMAR**  
**ASBEST**  
**LYF**  
**KÆLITÆKI**



**Bls. 32-35**  
**TIMBUR – LJÓSMÁLAÐ EÐA PLASTHÚÐAÐ**

**ÚRGANGUR Í URÐUN – GRÓFUR**

**ÚRGANGUR Í URÐUN – PRESSANLEGUR**

**VÉLTÆKUR ÚRGANGUR**

**Bls. 38-40**

**SLÁTURÚRGANGUR – 3. ÁHÆTTUFLOKKUR**

**SLÁTURÚRGANGUR – 2. ÁHÆTTUFLOKKUR**

**ÁSÓTTUR ÚRGANGUR**

**DÝRAHRAÐ**

**ÓLÍFRÆNN DÆLANLEGUR ÚRGANGUR**



**SKJÁIR**

**LJÓSAPERUR**

**STÓR RAFTÆKI**

**LÍTIL RAFTÆKI**

**TÖLVUR, PRENTARAR OG SÍMAR**

**Bls. 46**

**ÓFLOKKAÐUR ÚRGANGUR**



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar vefnaðarvörur, t.d. fatnaður, yfirhafnir, gluggatjöld og áklæði, teppi, rúmfatnaður, handklæði, sængur, koddar, púðar o.fl. Töskur, bakpokar, ferðatöskur o.s.fr. mega einnig fara í þennan flokk.

Föt og klæði þurfa að vera hrein, þurr og pökkuð í lokaðan plastpoka. Föt og klæði mega vera rifin eða slitin þar sem þau nýtast þá til endurvinnslu.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Í gám nr. 19
- Gjaldfrjálst

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hægt er að skila efni beint til Rauða kross Íslands og á ýmsum grenndarslöðvum.

## Hvað verður um efnið?

Föt og klæði nýtast til hjálparstarfs á vegum Rauða kross Íslands. Sjálfboðaliðar flokka þau og svo eru þau gefin til þeirra sem á þurfa að halda, bæði hérlandis og erlendis. Hluti þeirra er einnig soldur til fataflokkunarstöðvar í Hollandi eða í verslunum Rauða krossins.

Allur ágóði af sölu á notuðum fatnaði rennur í hjálparsjóð sem nýtist til alþjóðlegs hjálparstarfs.

Slitið klæði nýtist einnig en það er endurunnið og úr því framleiddar tuskur og teppi, svo eitthvað sé nefnt.

# SKÓR



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allur skófatnaður. Gott er að hafa skóþörin í pokum eða binda reimarnar saman svo ekki þurfi að

byrja á að para skóna saman. Það sparar vinnu og fyrirhöfn við flokkun og kemur í veg fyrir sóun.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Í merkt ílát nr. 20
- Gjaldfrjálst

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Skór eru sendir til Þýskalands. Þar eru þeir flokkaðir, settir í endursölù eða gefnir til góðgerðarmála.

Hagnaður af endursölù rennur til Samtaka íslenskra kristniiboðsfélaga.



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allir hlutir sem enn eru nothæfir og seljan-legir, t.d. húsgögn, raftæki, borð- og eldhúsbúnaður, bækur, diskar, leikföng o.s.frv. Athugið að föt og skór fara í fata- og skógáma á endurvinnslustöðvum SORPU. Starfsfólk endurvinnslustöðva veitir nánari upplýsingar.

Ef um er að ræða mikið magn er æskilegt að hafa samband fyrirfram við verslunarstjóra.

**Mikilvægt er að pakka hlutum vandlega svo þeir skemmist ekki í flutningum.**

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Í gám nr. 18    ● Gjaldfrjálst

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Nytjahlutir fara í Góða hirðinn, nytjamarkað SORPU. Ágóði af sölunni í Góða hirðinum rennur til góðgerðar- og líknarmála og hefur um 190 milljónum króna verið úthlutað á árunum 1996-2014.

Fylgstu með Fb-síðu Góða hirðisins þar sem m.a. eru upplýsingar um uppboð og tilboð! Nánari upplýsingar um Góða hirðinn eru á blaðsíðu 6.

**Endurnotkun hluta er besta form endurvinnslu!**

góði hirðirinn



## KERTAAFGANGAR



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara kertaafgangar af öllum stærðum og gerðum.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Í merkt ílát nr. 23    ● Gjaldfrjálst

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til framleiðslu á útikertum hjá Plastiðjunni Bjargi – lðjulundi á Akureyri.

# BLANDA AF PAPPÍR, UMBÚÐUM ÚR SLÉTTUM PAPPA OG BYLGJUPAPPA



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má setja öll dagblöð, tímarit, auglýsingapóst, prent- og ljósritunarpappír, kassakvittanir, hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa og bylgjupappa, t.d. fernur, morgunkornspakka, pappakassa, bítsukassa, eggjabakka, pakkningar utan af matvælum og öðrum varningi o.s.frv. Pressið umbúðirnar vel saman. Það sprarar pláss og dregur úr akstri.

Hefti og smærri gormar mega fara með pappír og plasttappar með fernum.

**Fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. plast eða matarleifar, sem rýra endurvinnslugildi efnisins. Setjið efnið laust í góma.**

Athugið að bylgjupappa er einnig safnað sér og greitt er fyrir skil háð magni í móttoku- og flokkunarstöð.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Í góð nr. 11
- Gjaldskylt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

**Blanda af pappír og umbúðum úr sléttum pappa og bylgjupappa (vnr. 1401920)**

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!



Allur pappír í eina tunnu!  
Kynntu bér blátunnuvæðingu sveitarfélaga á blatunna.is

## Hvað verður um efnið?

Efnið er flokkað vélrænt í móttoku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að aðskilja bylgjupappa frá sléttum pappa og pappír. Efnið er pressað og baggað og síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír og pappa er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír, dagblaðapappír og karton sem notað er til að útbúa nýjar umbúðir. Úr endurunnum bylgjupappa er framleiddur nýr bylgjupappi.

# DAGBLÖÐ OG TÍMARIT



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer ýmis pappír sem ekki ber úrvinnslugjald, s.s. dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, prent- og ljósritunarpappír, kassakvittanir, umslög o.s.frv. án aðskotahluta. Hefti og smærri gormar mega fara með.

**Fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. plast, sem rýrir endurvinnslugildi efnisins. Setjið efnið laust í góma.**

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Ekki sér flokkur – fer með öðrum pappír í góð nr. 11
- Gjaldskylt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

**Dagblöð og tímarit (vnr. 1402220)**

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttoku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír og dagblaðapappír.

# SKRIFSTOFUPAPPÍR OG HVÍTUR AFSKURÐUR



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer prent- og ljósritunarpappír sem ekki ber úrvinnslugjald. Einnig hvítur afskurður frá prentsmiðjum o.þ.h. Hefti og smærri gormar mega fara með. Ekki er tekið á móti trúnaðarskjölum sérstaklega til

eyðingar en skjöl og tætt skjöl mega fara með blönduðum pappír eða skrifstofupappír.

**Fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. plast, sem rýrir endurvinnslugildi efnisins. Setjið efnið laust í góma.**

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Ekki sér flokkur – fer með öðrum pappír í góam nr. 11
- Gjaldskyld (kr/m³)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Skrifstofupappír og hvítur afskurður (vnr. 1401820)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hægt er að skila trúnaðarskjölum til viðurkenndra móttökuaðila sem sérhæfa sig í eyðingu gagna.

## Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír og dagblaðapappír.

## UMBÚÐIR ÚR SLÉTTUM PAPPA

## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allur sléttur pappi sem ber úrvinnslugjald, þ.e. allar umbúðir, ferner o.þ.h. Pressið umbúðirnar vel saman. Það sparar pláss og dregur úr akstri. Plasttappar mega fara með fernum.

**Fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. plast eða matarleifar, sem rýra endurvinnslugildi efnisins. Setjið efnið laust í góma.**

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Ekki sér flokkur – fer með öðrum pappír í góam nr. 11
- Gjaldskyld (kr/m³)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Umbúðir úr sléttum pappa (vnr. 1401715)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum sléttum pappa er t.d. framleitt karton sem notað er til að útbúa nýjar umbúðir.

# AFSKURÐUR – SLÉTTUR PAPPI

## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allur sléttur pappi sem ekki ber úrvinnslugjald, þ.e. afskurður frá prentsmiðjum og umbúðaframleiðendum, án aðskotahluta.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Sléttur pappi – afskurður (vnr. 1402320)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum sléttum pappa er t.d. framleitt karton sem notað er til að útbúa nýjar umbúðir.

# UMBÚÐIR ÚR BYLGJUPAPPA



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allur bylgjupappi sem ber úrvinnslugjald, s.s. pappakassar (t.d. pítsukassar) og aðrar umbúðir úr bylgjupappa, millispjöld af vörubrettum o.s.frv. Pressið umbúðirnar vel saman. Það sparar pláss og dregur úr akstri.

Bylgjupappinn má vera áprentaður, plasthúðaður og litsterkur. Límþond og hefti mega fylgja.

Fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. plast eða matarleifar, sem rýra endurvinnslugildi efnisins.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Í gám nr. 2
- Gjaldfrjálst

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Umbúðir úr bylgjupappa (vnr. 1401415)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappa er framleiddur nýr bylgjupappi.

# AFSKURÐUR – BYLGJUPAPPI

## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allur bylgjupappi sem ekki ber úrvinnslugjald, þ.e. afskurður frá prentsmiðjum og umbúðaframleiðendum, án aðskotahluta.

Bylgjupappinn má vera áprentaður, plasthúðaður og litsterkur.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Afskurður – bylgjupappi (vnr. 1401520)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappa er framleiddur nýr bylgjupappi.





# PLASTUMBÚÐIR

## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allt plast sem ber úrvinnslugjald, þ.e. plastumbúðir eins og sjampóbrúsar, tómatsósuflöskur, plastbakkar undan matvörum, plastílát undan mjólkur-drykkjum, jógúrtdósir, plastílát undan hreinsiefnum, snakkpokar, plastfilma, plastpokar, umbúðir úr frauðplasti o.s.frv. Fjarlægja þarf allar matarleifar og skola efnið svo ekki komi ólykt við geymslu. Gott er að stafla umbúðum

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Í gám nr. 13
- Gjaldskylt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti (vnr. 1401215)

- Gjaldfrjálst/-skytt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

#### Umbúðir úr hörðu plasti (vnr. 1402115)

- Gjaldfrjálst/-skytt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

### Tilraunaverkefnið „Allt plast“

Í Ánanaustum er nú tekið við öllum gerðum af plasti, umbúðaplasti og plasti sem ekki ber úrvinnslugjald, t.d. plaströrum, byggingaplasti, húsgögnum úr plasti, leikföngum o.fl. Verkefnið er tímabundið og er markmiðið að meta forsendur aukinnar plastendurvinnslu.

## Hvað verður um efnið?

Efnið er sent til Svíþjóðar þar sem það er ýmist nýtt til endurvinnslu eða sem orkugjafi.

# HEYRÚLLUPLAST

## Hvernig á að flokka?

Í þennan flokk má einungis fara heyrúlluplast án aðskotahluta.



## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Heyrúlluplast (vnr. 1401102)

- Gjaldfrjálst


### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er endurunnið á vegum þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs.

# FILMUPLAST – ÓLITAÐ / ÓÁPRENTAÐ



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara glært, óáprentað filmuplast sem ber úrvinnslugjald, t.d. utan af vörubrettum o.b.h. án aðskotahluta.

Nánari upplýsingar um úrvinnslugjald er að finna hjá Úrvinnslusjóði, urvinnslusjodur.is og í síma 517 4700.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Ekki sér flokkur – fer með plastumbúðum í gám nr. 13
- Gjaldskytt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Filmuplast – ólitað/óáprentað (vnr. 1401015)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er ýmist nýtt til endurvinnslu eða sem orkugjafi.

# FILMUPLAST – LITAÐ / ÁPRENTAÐ



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara litað, áprentað filmuplast sem ber úrvinnslugjald, t.d. plastpokar o.b.h. án aðskotahluta.

Nánari upplýsingar um úrvinnslugjald er að finna hjá Úrvinnslusjóði, urvinnslusjodur.is og í síma 517 4700.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Ekki sér flokkur – fer með plastumbúðum í gám nr. 13
- Gjaldskytt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Filmuplast – litað/áprentað (vnr. 1402015)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

## Hvað verður um efnið?

Efnið er ýmist nýtt til endurvinnslu eða sem orkugjafi.

# SKILAGJALDSSKYLDAR DRYKKJARVÖRUUMBÚÐIR



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar skilagjaldsskyldar umbúðir fyrir drykkjarvörur sem hægt er að neyta beint úr umbúðum. Um er að ræða ál- og stáldósir, plastflöskur og glerflöskur fyrir vatn, gosdrykki, orkudrykki, ávaxtasafa, bjór, vín og annað áfengi.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Flokkað og talið í gám nr. 21 á endurvinnslustöðvunum **Jafnaseli** og **Mosfellsbæ**. Hámark 1000 einingar í hverri afgreiðslu. Aðeins er greitt inn á debetkort.

Í **Breiðhelli** og **Ánanaustum** eru talningarávelar (svæði nr. 21) og þar þarf ekki að flokka eftir tegund. Dósir og flöskur þurfa hins vegar að vera óbeyglaðar. Greitt er inn á debet- og kredetkort.

- Endurgreiðsla (kr/stk)

ATH. Ekki er hægt að fá greitt skilagjald á **Sævarhöfða** og **Dalvegi**.

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

### URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

SORPA tekur við skilagjaldsskyldum umbúðum í áhaldahúsinu við Vallagrund á Kjalarnesi. Upplýsingar um opnumartíma eru á sorpa.is.

Á öllum endurvinnslustöðvum SORPU og á ýmsum grenndarstöðvum er söfnunar-gámur frá Skátahreyfingunni þar sem hægt er að gefa skilagjaldsskyldar umbúðir til styrktar starfseminni. Umbúðirnar þurfa ekki að vera flokkaðar.

Einnig er hægt að skila beint til Endurvinnslunnar hf. Þar er enginn hámarksfjöldi og hægt er að fá endurgreit í reiðufé í Knarrarvogi.

## Hvað verður um efnið?

Endurvinnslan hf. tekur við skilagjaldsskyldum umbúðum sem berast til SORPU og baggar áldósir og plastumbúðir í pressum. Umbúðirnar eru svo fluttar erlendis til endurvinnslu. Framleiðsla úr endurunnum áldósum eru t.d. nýjar áldósir og úr gömlu plastflöskunum er framleidd

Polyester ull – efni sem nýtist í fataiðnaði, teppaframleiðslu o.fl. Flísþöt eru þekktasta afurðin. Glerflöskur eru muldar og nýtast sem undirstöðuefni í landmótun á urðunarstað SORPU í Álfnesi.



**ÓKRUMPAÐ ER MÁLIÐ Í  
BREIÐHELLU OG ÁNANAUSTUM!**





## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar tegundir málma, t.d. járn, kopar, blý, ál, stál, ryðfrít stál, látún og brons. Allar málmmubúðir, (niðursuðudósir, álpappír, álbakkar og málmlok af krukkum), sprittkertakoppar, handverkfæri, efnisafgangar, rafmagnsvírar, skrúfur, naglar, hnífapör, pottar og málmrör. Einnig húsgögn, að hluta eða alveg úr málmi.

Málmur er verðmætt efni sem má endurvinna aftur og aftur með tilheyrandi umhverfislegum ávinningi.

**Athugið að ekki má setja raftæki og gaskúta í þennan flokk!** Gaskútar og kolsýruhylki kunna að bera skilagjald og má skila þeim á flestar bensínstöðvar og til gasdreifingaraðila.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Í gám nr. 5
- Gjaldfrjálst

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

- EKKI sér flokkur – beint annað!
- Gjaldskylt (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

- Ekki tekið við!

*Ef um er að ræða talsvert magn er hægt að skila beint til brotamálmsfyrirtækja án endurgjalds. Ökutækjum er skilað til viðurkenndra móttökuaðila. Gaskútum og þrýstihylkjum má skila beint til söluaðila.*

## Hvað verður um efnið?

Efnið er flutt til brotamálmsfyrirtækja sem flokka það eftir málmtengendum og minnka rúmmál, t.d. með pressun. Málmari eru fluttir erlendis til bræðslu og endurvinnslu.

# HJÓLBARÐAR



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar gerðir hjólbardar. Ekki má setja slöngur í þennan flokk.

**Losið hjólbardar úr plastpokum!**

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

- Í gám nr. 22
- Hjólbardar á felgu mega fara með málmmum í gám nr. 5
- Gjaldfrjálst

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Hjólbardar (vnr. 1400216)

- Gjaldfrjálst

### URÐUNARSTAÐUR

- Ekki tekið við ómeðhöndludum hjólbörðum!

#### Dekkjakurl (vnr. 1211219)

- Gjaldskylt (kr/kg)

## Hvað verður um efnið?

Efni er kurlað af þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs og m.a. notað sem dren og þrýstijöfnunarlag á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

# GARÐAÚRGANGUR



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allur garðaúrgangur sem ekki telst til annarra flokka, þ.e. gras og trjágreinar í bland, pottablóm, blómaafskurður, illgresi, arfi, plöntuleifar o.s.frv.

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni, t.d. plast o.s.frv. Losið efnið úr plastþokum!

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

#### Garðaúrgangur (vnr. 1500920)

- Í gám nr. 10 eða á söfnunar-svæði fyrir garðaúrgang
- Gjaldskytt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Garðaúrgangur (vnr. 1400920)

- Gjaldskytt (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

#### Garðaúrgangur (vnr. 1210920)

- Gjaldskytt (kr/kg)

Heimajarðgerð á lífrænum úrgangi skilar fyrirtaks jarðvegsbæti í garðinn fyrir þá sem hafa aðstöðu til þess. Þannig við-haldast næringarefni í hringrás náttúrunnar auk þess sem dregið úr akstri með úrgangsefni og þar með neikvæðum umhverfisáhrifum.

## Hvað verður um efnið?

Efnið er ýmist notað sem lyktarverjandi yfirlag (bíó-filter) á urðunarstaðnum eða látið brotna niður og svo tætt og sigtað til notkunar sem jarðvegsbætir.

# GRAS OG HEY



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara gras eða hey án aðskotahluta.

Athugið að efnið skal losa úr plastþokum!

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

#### Gras (vnr. 1500620)

- Fer með garðaúrgangi í gám nr. 10

- Gjaldskytt (kr/m<sup>3</sup>)

#### Hey frá dýrahaldi (vnr. 1500820)

- Fer með garðaúrgangi í gám nr. 10

- Gjaldskytt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Gras og hey (vnr. 1400620)

- Gjaldskytt (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

#### Gras og hey (vnr. 1210620)

- Gjaldskytt (kr/kg)

Heimajarðgerð á lífrænum úrgangi skilar fyrirtaks jarðvegsbæti í garðinn fyrir þá sem hafa aðstöðu til þess. Þannig við-haldast næringarefni í hringrás náttúrunnar auk þess sem dregið úr akstri með úrgangsefni og þar með neikvæðum umhverfisáhrifum.

## Hvað verður um efnið?

Grasi og heyi er blandað saman við kurlaðar trjágreinar á urðunarstaðnum í Álfnesi og efnið látið brotna niður. Þannig er búin til molta sem er lífrænn jarðvegsbætir auk þess sem dregið er úr urðun á lífrænum úrgangi.



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn mega einungis fara trjáborir og trjágreinar án aðskotahluta ásamt laufblöðum.

**Athugið að efnið skal losa úr plastþokum!**

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

#### Trjágreinar (vnr. 1500720)

Í gám nr. 24 eða á söfnunar-svæði fyrir trjágreinar  
Gjaldskylt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Trjágreinar (vnr. 1400720)

Gjaldskylt (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

#### Trjágreinar (vnr. 1210720)

Gjaldskylt (kr/kg)  
**Trjágreinar – kurlaðar (vnr. 1210820)**  
Gjaldskylt (kr/kg)

Heimajarðgerð á lífrænum úrgangi skilar fyrirtaks jarðvegsbæti í garðinn fyrir þá sem hafa aðstöðu til þess. Þannig við-haldast næringarefni í hringrás náttúrunnar auk þess sem dregið úr akstri með úrgangsefni og þar með neikvæðum umhverfisáhrifum.

## Hvað verður um efnið?

Trjágreinar eru kurlaðar og þeim blandað saman við gras á urðunarstaðnum í Álfnesi. Efnið er látið brotna niður og þannig verður til molta sem er lífrænn jarðvegs-

bætir auk þess sem dregið er úr urðun á lífrænum úrgangi. Ennfremur eru trjágreinar notaðar ókurlaðar sem lyktarverjandi yfirlag (bíó-filter) á urðunarstaðnum.

## JARÐVEGUR OG UPPGRÖFTUR



## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara jarðvegur og sambærilegt efni úr uppgræftri og vegna breytinga á lóðum, s.s. torfur, þökuafskurður o.s.frv.

**Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni, t.d. plast, málma, timbur o.s.frv.**

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

#### Jarðvegur og uppgröftur frá framkvæmdum (vnr. 1501017)

Fer með garðaúrgangi í gám nr. 10  
Gjaldskylt (kr/m<sup>3</sup>)

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

#### Jarðvegur og uppgröftur frá framkvæmdum (vnr. 1402617)

Gjaldskylt (kr/kg)

### URÐUNARSTAÐUR

#### Jarðvegur og uppgröftur frá framkvæmdum (vnr. 12111717)

Gjaldskylt (kr/kg)

Bent er á jarðvegstíppa sveitarfélaga. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetrum þeirra eða með því að hringja í skiptiborð viðkomandi sveitarfélags.

## Hvað verður um efnið?

Efnið er notað sem yfirlag á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

# HROSSATAÐ

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu hrossaskítur (hrossatað) án aðskotahluta.

Hvert á að skila? -----

## ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Ekki sér flokkur – fer með garðaúrgangi í gám nr. 10

 Gjaldskytt (kr/m<sup>3</sup>)

## MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

## URÐUNARSTAÐUR

**Hrossatað (vnr. 1211402)**

 Gjaldskytt (kr/kg)

Hvað verður um efnið? -----

Efnið er notað við uppgræðslu á urðunarstað SORPU í Álfnesi og þannig dregið úr urðun á lífrænum úrgangi.

# SVÍNASKÍTUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu svínaskítur án aðskotahluta.

Hvert á að skila? -----

## ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

## MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

## URÐUNARSTAÐUR

**Svínaskítur (vnr. 1211302)**

 Gjaldskytt (kr/kg)

Hvað verður um efnið? -----

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

# HÆNSNASKÍTUR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu hænsna- og/eða annar fuglaskítur án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

## ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

## MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

## URÐUNARSTAÐUR

Hænsnaskítur (vnr. 1211102)



Gjaldskytt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

# FÓÐUR, MJÖL OG HVEITI

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu fóður, mjöl, hveiti og/eða sambærilegt efni sem er óbaganlegt og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

## ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

## MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

## URÐUNARSTAÐUR

Fóður, mjöl og hveiti  
(vnr. 1212102)



Gjaldskytt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu deig og/eða sambærilegt efni sem er óbagganlegt og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

## Hvert á að skila?

**ENDURVINNSLUSTÖÐVAR**

Ekki tekið við!

**MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ**

Ekki tekið við!

**URÐUNARSTAÐUR**

**Deig (vnr. 1212002)**



Gjaldskytt (kr/kg)

## Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

## ÖLGERÐARHRAT

## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu örgerðarhrat og/eða sambærilegt efni sem er óbagganlegt og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

## Hvert á að skila?

**ENDURVINNSLUSTÖÐVAR**

Ekki tekið við!

**MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ**

Ekki tekið við!

**URÐUNARSTAÐUR**

**Ölgerðarhrat (vnr. 1213102)**



Gjaldskytt (kr/kg)

## Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

# LÝSISHRAT

## Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu lýsishrat og/eða sambærilegt efni sem er óbagganlegt og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

## Hvert á að skila?

### ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

### MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

### URÐUNARSTAÐUR

Lýsishrat (vnr. 1211602)



Gjaldskylt (kr/kg)

## Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfnesi.

# FITA OG ÞVEGINN RISTARÚRGANGUR

